Grétar Þorsteinsson
Samráðsfundur um vinnumarkaðsráð - 30. ágúst 2007

Ágætu félagar.

Ég vil byrja á að bjóða ykkur velkomin til þessa samráðsfundar um málefni svæðisbundinna vinnumarkaðsráða. Við höfum boðað til þessa fundar fulltrúa Alþýðusambands Íslands í vinnumarkaðsráðunum og varamenn þeirra. Þá var félögum í þeim málefnanefndum ASÍ sem helst tengjast starfi vinnumarkaðsráðanna boðið til fundarins. Hér á ég við atvinnumálanefnd ASÍ og vinnumarkaðsnefnd ASÍ. Auk þess sitja fundinn nokkrir starfsmenn ASÍ.

Af hálfu Alþýðusambandsins var ákveðið að boða til þessa fundar nú í ljósi þess að þessa dagana er verið að ganga endanlega frá skipun vinnumarkaðsráðanna af hálfu félagsmálaráðuneytisins og því má vænta þess að ráðin komi í fyrsta sinn saman og taki þar með til starfa á næstu vikum. Það er vonum seinna að vinnumarkaðsráðin taka til starfa, en nú er meira en ár liðið frá því lög um vinnumarkaðsaðgerðir sem kveða á um starfsemi þeirra tóku gildi.

Fyrir vinnumarkaðsráðunum liggur að móta sér verklag og takast á við þau verkefni sem þeirra bíða. Og það er ljóst að vinnumarkaðsráðanna bíða ærin verkefni. Til viðbótar við almenna stefnumótun, greiningu á stöðu atvinnumála á svæðunum og þróun vinnumarkaðsúrræða liggur fyrir að takast á við afleiðingar mikils samdráttar í þorskveiðum á næsta ári, sem víða mun hafa miklar og alvarlegar afleiðingar.

Af hálfu ASÍ var við undirbúning laganna lögð áhersla á að efla og styrkja vinnumarkaðsaðgerðir og gefa jafnframt aðilum á einstökum svæðum aukið hlutverk við að ákveða aðgerðir á hverjum stað fyrir sig. Þessi sjónarmið voru almennt viðurkennd af þeim sem unnu að lagasetningunni.

Markmið þessa fundar er að koma á framfæri upplýsingum og eiga skoðanaskipti og samræðu um hlutverk og verkefni vinnumarkaðsráðanna og hvernig þau geta nýst við þróun vinnumarkaðsúrræða, styrkt stöðu launafólks og stuðlað að uppbyggingu á viðkomandi svæðum. Einnig er markmiðið með fundinum að ræða mögulegt samstarf fulltrúa ASÍ og launafólks í vinnumarkaðsráðunum og með hvaða hætti Alþýðusambandið getur aðstoðað þá í starfi sínu.

Efni þessa fundar er þríþætt:
Í fyrsta lagi verður fjallað almennt um stöðu og hlutverk vinnumarkaðsráðanna. Halldór Grönvold mun gera grein fyrir áherslum ASÍ varðandi vinnumarkaðsráðin við endurskoðun laganna um vinnumarkaðsaðgerðir og hvernig til tókst. Þá mun Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar gera grein fyrir sinni sýn á stöðu og starfshætti vinnumarkaðsráðanna.

Í öðru lagi verður síðan fjallað um verkefni vinnumarkaðsráðanna og fjallað um tæki sem þau hafa til að ná markmiðum sínum. Stefán Úlfarsson, hagfræðingur ASÍ mun gera grein fyrir vinnu atvinnumálanefndar ASÍ og fjalla um atvinnumálin, horfurnar og mögulegar aðgerðir nú á næstu mánuðum og misserum. Þá mun Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA fjalla um mikilvæg dæmi um vinnumarkaðsúrræði, þ.e. náms og starfsráðgjöf og tækifæri á sviði símenntunar.

Að lokum munum við síðan fjalla um það ‌ með hvaða hætti við getum sameiginlega eflt og styrkt starfsemi vinnumarkaðsráðanna með samstarfi fulltrúa ASÍ og launafólks í vinnumarkaðsráðunum og með hvaða hætti Alþýðusambandið, forysta þess, málefnanefndir og starfsmenn geta stutt fulltrúa sína og vinnumarkaðsráðin almennt í starfi þeirra.

Ágætu félagar.

Ég vill að lokum lýsa þeirri von minni að þessi samráðsfundur verði gagnlegur og marki upphafið að árangursríku samstarfi á þessu sviði. Að þessu sögðu afhendi ég Signýu Jóhannesdóttur, formanni atvinnumálanefndar ASÍ, fundarstjórnina.